

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, til þess þér ^{1861.} 28. septbr. gætið þess framvegis, að það að eins heyrir undir úrskurð hlutaðeiganda stjórnarráðs, hvort leyfa megi að embættislaun sæu út borguð fyrirfram, og fyrir hve langan tíma; og eigið þér því, þegar svo ber undir, að senda hingað bænarskrá þess embættismanns, er hlut á að máli, og rita á hana álit yðar um málið, til þess það síðan verði lagt undir úrskurð hlutaðeiganda ráðgjafa.

71. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 2. október.
valdanna á Íslandi, um skilríki fyrir bókum, er keyptar eru handa hinum lærða skóla m. m.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir verið sent hingað eptirrit af 14. útásetningagrein við reikningana yfir tekjur og gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Íslandi um tímabilið frá 1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856, ásamt svari þess, er reikninginn hafði samið, álit þess, er hann hafði endurskoðað, úrskurðinum um útásetninguna, og álit þeirra um hvort úrskurðinum væri fullnægt; hefir um leið verið stungið upp á, að ársreikningum skólanna skuli fylgja ekki að eins kvittadir reikningar bókasöllumanna yfir bækur þær, er þeir hafa af hendi látið, heldur og þar að auki listar yfir nýjar bækur, er bætzt hafa við, og yfir bækur, er fargað hefir verið, og því hafa gengið úr það ár, er reikningurinn nær yfir, ásamt skýrslu um, hvað fengizt hafi fyrir hinar síðartöldu bækurnar.

Þareð nú kirkju- og kennslustjórnin fellst á uppástungu þessa, skorar hún hér með á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að þér bjóðið þeim, er hlut eiga að máli, að hegða sér samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 30. október.
yfir Íslandi, um sveitarstýrk.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 25. júní. þ. á., yfir umkvörtunarbréf